

Nd.

211. Frumvarp til laga

[18. mál]

um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í málum samkvæmt 5. gr., 3. málsgr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og áfrýjun og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

48. gr. hljóðar svo:

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annaðhvort 20000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

139. gr. hljóðar svo:

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalapýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

163. gr. hljóðar svo:

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í rikissjóð.

Kæra má sérstaklega refsíákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.